

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.

1. gr.

2. gr., 2. töluliður, f-stafliður hljóði svo: „Psoriasis og alvarlegur og langvarandi exemsjúkdómur.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, tekur gildi 1. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. október 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

Nr. 443

27. október 1986

AUGLÝSING

um (sjöttu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, nr. 30/1983, skal almennur afgreiðslutími eftirtalinna lyfjabúða vera sem hér segir:

Apótek Norðurbæjar

Mánudaga—fimmtudaga kl. 9—18:30

Föstudaga kl. 9—19

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu Apótek Norðurbæjar og Hafnarfjarðar Apótek vera opin til skiptis eina viku í senn um helgar og á almennum frídögum sem hér segir:

Sunnudaga, helgidaga og almenna frídaga kl. 10—14

Vaktþjónusta samkvæmt þessu hefst á laugardögum og skulu lyfjabúðirnar tvær sjá læknum fyrir lyfjum í vaktstöku, skv. nánara samkomulagi við héraðslækni Reykjaness-héraðs.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. október 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.